

Ár 1973, þriðjudaginn 13. mars, var kveðinn upp af Yfirfasteignamatsefnofnd eftirfarandi úrskurður í málinu nr. 35/1972, sem fjallar um skyldu Starfsmannafélagsins Búða til að greiða fasteignaskatt af landi og húsi félagsins í Grímsnesi.

Með brófi, dags. 20. desember 1972, hefur hreppsefnd Grímsnes-hrepps í Arnensýslu óskað eftir úrskurði Yfirfasteignamatsefnofndar um, hvort Starfsmannafélaginu Búðum sé skylt að greiða fasteignaskatt til sveitarstjórn Grímsnes-hrepps af landi og húsi félagsins í Grímsnesi. Kemur fram, að félagið hefur farið þess á leit, að felldur verði niður fasteignaskattur, sem lagður var á nefndar fasteignir félagsins árið 1972. Telur félagið, að það sé undanþegið fasteignaskatti af fasteignum þessum samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, en þar segir meðal annars, að orlofsheimili launþegansantaka séu undanþegin fasteignaskatti.

Samkvæmt upplýsingum formanns félagsins, er um að ræða félag fast-ráðinna starfsmanna Innkaupastofnunar ríkisins. Sé það stofnað 29. desember 1965 til að geta hagsmuna félagsmanna, bæði innan og utan stofnunarinnar. Félagið sé því hagsmunasamtök starfsmanna Innkaupa-stofnunar ríkisins, en þeir séu aftur meðlimir í Starfsmannafélagi ríkisstofnana, er eigi aðild að B.S.R.B.

Unrædd fasteign er metin í fasteignamat 3 samtals kr. 300 þúsund, þar af er hús metið á kr. 240 þúsund og land á kr. 120 þúsund. Hér liggur aðeins fyrir að úrskurða, hvort fasteign þessi sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt nágildandi lögum. Í 5. gr. laga nr. 8/1972 segir m.a., að undanþegin fasteignaskatti séu orlofsheimili launþegansantaka. Skýra verður ákvæði 5. gr. að þessu leyti svo, að til launþegansantaka geti aðeins talið almenn félagsamtök starfsmanna tiltekinnar starfsgreina, er séu fyrirsvari fyrir starfsmennina í heild. Af þessum sökum getur ákvæði þetta eigi átt við starfsmannafélög einstakra fyrirtækja eða stofnana. Verður unanþága frá fasteignaskatti því ekki byggð á þessu ákvæði í því tilviki, sem hér er til dælu. Þar sem önnur ákvæði geta heldur ekki leitt til slíkrar undanþágu, verður að telja Starfsmannafélaginu Búðum skylt að svara fasteignaskatti af unræddri fasteign félagsins.

Þ R S K U R Ð A R O R Ð

Starfsmannafélaginu Búðum er skylt að svara fasteignaskatti til sveitarstjórnar Grímsnesbreyppa af ofangreindu landi og húsi félagans í Grímsnesi.

Gnaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pállni Jónsson